



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1963

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Við hjónin óskum yður öllum, konum og körlum, ungum og gömlum, gleðilegs nýárs og þökkum innilega gamla árið.

Sú mikla hátíð, sem nú stendur yfir, frá fyrsta jóladegi til þrettánda, hefir fylgt þjóð vorri frá upphafi vega, og borið sama nafn, jólin, jafnt í heiðni sem kristni. Jól rímar við sól, og þó vísast sé enginn skyldleiki milli orðanna sjálfra, þá er þó náð samband á milli sólar og jóla, og mun svo hafa verið frá örófi alda. Í dimmasta skammdeginu höldum vér ljóshátíð. Eftir vetrarsólstöður, fer sólin aftur að hækka á lofti, og vér sjáum ljósið skína í myrkrunum. Jólin boða oss mikinn fögnuð.

Nýársdagurinn hét til skamms tíma áttadagur jóla. Ég kalla það, í þessu sambandi, til skamms tíma, þó tvær aldir séu um liðnar. En nú er öll áherslan á því, að við þennan dag miðum við upphaf nýs árs, að þessu sinni ársins 1963 eftir Kristis burð. Á áramótum lítum vér bæði aftur og fram í tímann, bæði einstaklingar, fjölskyldur og þjóðin í heild. Vér stingum hendinni í eigin barm, hugleiðum gleði og sorg – og alla afkomu hins liðna árs. Atburðir og afkoma þjóðarheildarinnar er rakin af ýmsum öðrum um þessi áramót, og fara dómarnir jafnan nokkuð eftir því, á hvaða sjónarhól menn standa. Fjarlægðin er enn ekki nóg fyrir fullnaðardóm sögunnar. Ég læt það nægja að þakka forsóninni fyrir gott ár! Góðærið er ótvírætt, og ekki mun ég ræða um neina sérstaka óáran í mannfólkinu.

Héðan frá Bessastöðum tel ég rétt og tilhlýðilegt, að flytja þingi og stjórn þakkir fyrir sérstaka fjárveitingu, þó ekki sé um stórt atriði að ræða fyrir þjóðarbúskapinn, heldur öllu fremur þjóðarmetnað vorn. Í fjárlögum þessa nýbyrjaða árs er hálfri milljón króna veitt til byggingar bókhlöðu hér á staðnum. Bókhlaðan verður reist í húsagarði við hlið nýju álmunnar, og veldur engri truflun á svip staðarhúsanna. Til innréttingar og bókakaupa þarf síðar viðbótarfjárveitingar. Hér er séð fyrir þörf, sem ekki verður látin í askana, eins og gamla máltækið segir. Úrval íslenskra bókmennta á að mæta hér hverjum nýjum forseta til afnota, og gestum, innlendum og erlendum, til augnagamans. Gestir, einkum þeir útlendu, óska þess oft að fá að sjá bókasafn staðarins. Þeir hafa stundum rekið upp stór augu við það svar, að bókasafn fyrirfinnist ekki. Ég hlakka til þeirrar stundar, þegar hægt verður að gefa jákvætt svar. Hér eiga bókmenntirnar sjálfsagðan samastað. Hvernig væri nú komið um íslenskt þjóðerni og sjálfstjórn, ef ekki væri sagan og bókmenntirnar? Við eigum fátt fornminja, en í bókmenntunum hefir þjóðarsálin varðveist.

Undirstaða sjálfstjórnar og velgengni vor Íslendinga er hvorki vopn né mannaflí, heldur bókmenntir, saga, Alþingi og kraftur í kögglum. Vor besti arfur og auður er gott ætterni, sjálfur kynstofninn. Það er vart öðrum en kunnugum ljóst, hve fámennt

hið fullvalda íslenska ríki er. Það var á fundi hinna Sameinuðu þjóða, sem indverskur sessunautur spurði mig, hve fjölmennir Íslendingar væru. Í minni barnaskólalandafræði stóð, að vér værum áttatíu þúsund, svo ég þarf stundum að hugsa mig um hinar nýrri tölur. „Eitt hundrað,“ byrjaði ég, og staldraði við – en Indverjinn kom strax til hjálpar og sagði: „Eitt hundrað milljónir. Það er ekkert til að skammast sín fyrir.“ Hann fór nær um smæð okkar útlendingurinn, sem hélt því nýlega fram, að slík dvergþjóð sem Íslendingar ættu ekki rétt til að fljúga um Norður-Atlantshafið, auk þess sem það væri rán, að halda uppi ódýrum flugsamgöngum. Sem betur fer er það fáheyrt að oss sé lagt fámennið til ámælis, og síst af nágrönnum vorum. Það væri of nærri höggvið líftaug eyjarskeggja í miðju úthafinu, að torvelda þeim samgöngur. Eigin floti í lofti hefir nú álíka gildi fyrir þjóðina og samgöngur á sjó frá upphafi vega. Farsæld Íslendinga á hverri öld má að miklu leyti mæla við það, hvernig gengið hefir að halda uppi eigin samgönguflota við umheiminn, áður á legi og nú einnig í lofti.

Ég nefni þetta einstaka dæmi ekki vegna þess, að mikil hætta sé á ferðum, heldur til að minna á, að vér eigum jafnan mikið undir hugarfari og skilningi annarra þjóða, og þá einkum nágranna vorra í austri og vestri. Nýlendustefnan gamla er úr sögunni. Í því efni höfum vér Íslendingar notið betri kjara og fyrr en flestar aðrar nýlendubjóðir og skattlönd. Það tók að vísu langan aldur, að verslun landsmanna yrði algerlega frjáls og innlend, en telja má, að lokamarkinu væri náð þegar sæsímasambandið komst á við útlönd, árið 1906. Upp frá því fluttist einnig heildsalan inn í landið.

Sjálfstæðisbaráttan tók einnig langan tíma, en alltaf miðaði í áttina, og þjóðin æfðist stig af stigi í sjálfstjórn, þar til fullveldi var náð upp úr hinu fyrra stríði, 1918. Um líkt leyti náðu fleiri hinna smærri þjóða sama langþráða marki. En ekki skal sú hryggilega saga rakin, að margir þeir jafnaldrar vorir eru nú úr sögunni.

Á síðari árum hafa tugir nýlendubjóða í öðrum heimsálfum árlega fengið fullveldisviðurkenningu og heldur sú þróun áfram hröðum skrefum. Vér Íslendingar fögnum þeirri þróun heimsálanna, og er þó ekki fyrir að synja, að daglega berast fréttir um óeirðir, manndráp og annan ófögnuð, sem fylgir þessum fæðingarhríðum. Og ekki er það allt að kenna gömlum húsbændum, og skiljanlegt þó, að flestir kjósa heldur lélega heimastjórn en erlenda, þó misjafnlega reynist.

Það er ekki ófróðlegt, að bera oss sjálfa saman við sumar nýfrjálsar þjóðir í nokkrum greinum. Þetta er að vísu ærið sundurleitur hópur, en ýmsir drættir þó mörgum sameiginlegir. Víða er fátækt mikil, þéttbýli meir en landið fær fætt og klætt, og auð og völdum stórlega misskipt, þjóðin ósamstæð, trúarbrögð sundurleit. Einnig má nefna óglögg og breytileg landamæri, og væringar kynþátta og höfðingja á undan tilkomu hins hvíta manns.

Hjá oss Íslendingum verður afkoma alls almennings að teljast góð, og jafnbetri en víðast hvar meðal annarra þjóða. Þjóðin er samstæð, tungan ein og trúarbrögð valda ekki stjórn málaátökum. Landamærin eru skýr, bláfjötur ægis, og yfir haf að sækja til framandi þjóða.

Þetta er allt oss í hag, og skýrir að nokkru leyti tilveru vorrar fámennu þjóðar og tilverurétt. En þó kemur annað til, sem mestu varðar. Saga ýmissa nýfrjálsra þjóða er óskýr og illa varðveitt. Soldánar og aðrir höfðingjar með annarlegum titlum, hafa áður ráðið ríkjum, en ólæs almenningur hristir klafann og heimtar íhlutun. Þar við bætist frumstæður her, stoltir karlar í nýjum einkennisbúningi, sem er stundum hættulegri í innanlandsátökum en fyrir erlenda óvini. Landamæri, stjórnskipun og það, hverjir fari með ríkisvaldið, er víða óútkljáð baráttumál.

Hjá oss Íslendingum horfir öðruvísi við. Hér var þjóðveldi komið á og Alþingi stofnað fyrir meir en þúsund árum, svo fljótt sem fyrst mátti vænta í nýbyggðu landi. Alþingi er enn við lýði. Stjórnskipun er hér líkari því, sem hún var fyrir þúsund árum, en í nokkru öðru lýðræðislandi. Það er meira virði, að Alþingi hefir varðveist en þó öndvegissúlur Ingólfs og ýmsir aðrir dýrir og helgir dómar úr sögu þjóðarinnar, sem hægt væri að geyma í söfnum, væru enn til sýnis í höfuðstaðnum. Þingræði er rótgróið, og engrar byltingar þörf, nema ef það væri af hálfu harðsnúins minnihluta, sem vildi hrifsa völdin.

En slíkt þarf ekki að óttast. Alþingi er vettvangur þjóðmálanna, en ekki vígvöllur. Sagan lifir í nútíðinni, og á ríkan þátt í að tryggja og skapa framtíðina. Það er til frásögn af karli, sem missti vinnumann sinn í sjóinn „en bátinn rak óbrotinn með öllum farvið,“ sagði hann, „svo eiginlega var það bara pilturinn, sem týndi lífinu.“ Þessu er öfugt farið í vorri sögu. Bátur og farviður hinnar ytri menningar hefir að miklu leyti týnst, en sjálft lífið hefir bjargast og varðveist í skráðri sögu, bókmenntum, héraðsstjórn og á Alþingi. Þetta er sú staðreynd, sem útlendum mönnum er helst kunnug um vora þjóð, og mun varðveita orðstír hennar, ef vel er á haldið. Á þessu hvílir öryggi Íslands, langri og samfelldri sögu, virðing annarra þjóða, góðu nágrenni, og skilningi vor sjálfra á utanríkismálum. Sá skilningur er oss nauðsynlegur og engin ofætlun. Enginn stóð Snorra Sturlusyni framur á hans tíma í stjórn málasögu. Um það ber „Heimskringla“ vitni. Heimskringlan er nú að vísu stærri, en fréttir þó allar fljótteknari fyrir þegn og þingmenn.

Þinghelgin er mikil og rík, og þó stendur jafnan nokkur styr um störf Alþingis. Er það að vonum um þá stofnun, sem sker úr um helztu hagsmuna- og hugsjónamála þjóðarinnar. Nú standa kosningar fyrir dyrum um næstu sólstöður á sumri, og mun sú barátta að sjálfsögðu setja sinn blá á þjóðlífið á næsta misseri hækkandi sólar. Enginn fírást um það, þó að sjóði á keipum undir kosningar. Kosningar eru kappsigling og áróður. Það er hinn sífelldi stormbelgingur heillangt kjörtímabilið, sem er þreytandi fyrir þjóðina, og mætti vafalaust spara á þeim lið ríflega, frá því sem verið hefir um langt skeið. En hvað sem því líður, þá óskum vér öll, að komandi kosningar verði þjóðinni til heilla, og að sú stjórn, sem þar eftir fer með völd megi sem bezt njóta sín, og þjóðin hennar.

Almennar kosningar og stjórnarskipti samkvæmt úrslitum þeirra, er ein mesta framför síðari tíma í þjóðfélagsmálum. Vér lítum með hryllingi til þeirra tíma, þegar menn voru líflátnir fyrir hugsun sína og skoðanir, og stjórnarskipti fóru fram með aftöku þeirra, sem ósigur höfðu beðið. Vér fögnum breyttum hugsunarhætti og vaxandi mannúð í skjóli þingræðis og lýðræðis. Vér gleðjumst af hinum mörgu góðu og hollu minningum, sem saga vor hefir varðveitt, og lítum vonglaðir fram í tímann í því trausti, að Íslendingum megi auðnast, að verða fyrirmyndarþjóð um manndóm, menning og góða sambúð, inn á við og út á við.

Guð gefi oss öllum gott ár.